

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Selfossi, 15. mars 2018
Tilvísun: 1803501

Efni: Umsögn Matvælastofnunar um frumvarp til laga um Matvælastofnun - 331. mál.

Vísað er til erindis dags. 12. mars sl. vegna frumvarps til laga um Matvælastofnun.

I. Almennar athugasemdir

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi um breytingar á lögum um matvæli og lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr (eftirlit, upplýsingagjöf) – mál nr. 330 og tengjast þau eins og síðar verður lýst. Þannig er í frumvörpunum gert ráð fyrir ákveðnum breytingum varðandi skipulag stofnunarinnar og heimilda ráðherra til að breyta fjölda og landfræðilegum mörkum umdæmastofa sem stofnunin rekur og eru undir stjórn héraðsdýralækna.

Þann 17. október 2017 afhenti starfhópur um endurskoðun löggjafar um dýrasjúkdóma og dýralækna atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu skýrslu. En markmið með því að setja á fót starfhópin var að búa til ein heildarlög um heilbrigði dýra. Í skýrslunni eru tillögur sem ætlað er að bæta lagaumhverfi vegna dýrasjúkdóma, dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Matvælastofnun telur rétt að taka ákveðna þætti skýrslunnar inn í nýtt frumvarp um Matvælastofnun, þ.e. tillögur nefndarinnar um breytingar á starfsheiti yfirdýralækis.

II. Athugasemdir við einstakar greinar

2. gr. Hlutverk

Í ákvæðinu eru talin upp helstu hlutverk stofnunarinnar. Upptalning sem þessi getur aldrei verið tæmandi, engu að síður telur stofnunin rétt að þar séu reynt eftir fremsta megni að telja upp umfangsmestu verkefni og því hlutverki sem henni eru falin í öðrum lögum.

Samkvæmt búvörulögum nr. 99/1993 er stofnuninni ætlað umfangsmikið hlutverk. Ber stofnunin þannig ábyrgð á og fer með framkvæmd á stuðningsgreiðslum í landbúnaði í tengslum við búvöru- og búnaðarlög og framfylgja búnaðarlagasamningi milli stjórnvalda og Bændasamtaka Íslands, og samninga um starfsskilyrði sauðfjárræktar, nautgriparræktar og framleiðenda garðyrkjuafurða. Þá sinnir stofnunin hagtölusöfnun í landbúnaði og miðlun slíkra upplýsinga.

Í þessu ljósi telur stofnunin rétt að skýra betur út stjórnsýsluverkefni í a lið ákvæðisins og bæta við svohljóðandi texta á eftir „inn- og útflutningseftirlit“ og taka um leið út „stuðningsgreiðslur í landbúnaði“:

„framkvæmd búvörusamninga, sem felst í umsýslu með stuðningsgreiðslum til framleiðenda í landbúnaði ásamt tilheyrandi eftirliti, auk öflunar og birtingar hagtalna í landbúnaði,“

Þá telur stofnunin rétt að bæta inn í a. lið ákvæðisins tilvísun um hlutverk varðandi plöntuheilsu og sáðvörur.

Ákvæðið eftir breytingar yrði svohljóðandi:

„Hlutverk Matvælastofnunar er að:

- a. fara með stjórnsýslu og eftirlit í samræmi við lög þessi og önnur lög, m.a. varðandi matvæli, dýraheilbrigði, dýravelferð, jarðrækt, fóður, sóttvarnir og viðbragðsáætlanir, plöntuheilsu, sáðvörur, fiskeldi, kjötmat, inn- og útflutningseftirlit og framkvæmd búvörusamninga, sem felst í umsýslu með stuðningsgreiðslum til framleiðenda í landbúnaði ásamt tilheyrandi eftirliti, auk öflunar og birtingar hagtalna í landbúnaði,
- b. veita ráðherra ráðgjöf um þá málaflokka sem falla undir starfssvið stofnunarinnar, þ.m.t. aðstoð við stefnumótun, undirbúning laga og stjórnvaldsfyrirmæla og alþjóðlegt samstarf,
- c. veita öðrum stjórnvöldum ráðgjöf og umsagnir um mál á starfssviði stofnunarinnar,
- d. vinna að samræmingu og skilvirkni opinbers eftirlits á starfssviði sínu,
- e. vinna að aðgengi fyrir Íslenskar afurðir að erlendum mörkuðum,
- f. veita hagsmunaaðilum og almenningi fræðslu um málefni á starfssviði stofnunarinnar.“

3. gr. Skipulag o.fl.

Eftir að embætti Yfirdýralæknis var sameinað öðrum stofnunum hefur starfsheitið „yfirdýralæknir“ oft á tíðum valdið misskilningi í umræðu og í samskiptum stofnunarinnar við borgarana. Sérgreinadýralæknar eru oft titlaðir/ávarpaðir sem yfirdýralæknar sinnar dýrategundar. Matvælastofnun telur því rétt að breyta starfsheitinu í lögum um Matvælastofnun þannig að starfsheitið endurspegli betur hlutverk starfsins og verður þá í samræmi við tillögur starfshóps um endurskoðun á laga um dýralækna, dýrasjúkdóma og innflutning dýra. Breyta þyrfti þá starfsheitinu til samræmis í lögum nr. 54/1990, en yfirdýralæknis er einungis getið í þessum tvennum lögum.

Jafnframt telur Matvælastofnun rétt að skilgreina að landsdýralæknir beri ábyrgð á málefnum dýrasjúkdóma og varna gegn þeim og dýravelferðar, sem og að umdæmisstofum beri einnig að sinna viðbrögðum er varða dýrasjúkdóma og dýravelferð. Að lokum er gerð breyting þess efnis að við ráðningu dýralæknis til að veita umdæmisstofum forstöðu skuli ráða héraðsdýralækni.

Matvælastofnun gerir því tillögu að svofelldri breytingu á 2. og 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins:

„Matvælastofnun skiptist í svið eftir viðfangsefnum. Forstjóri ræður sviðsstjóra yfir hvert svið. Ráðherra skipar þó sviðsstjóra yfir sérstöku sviði sem fer með ábyrgð á málefnum dýrasjúkdóma og varna gegn þeim og dýravelferðar. Sá sviðsstjóri skal vera dýralæknir að mennt og nefnast landsdýralæknir. Hann er skipaður til fimm ára. Ráðherra setur honum erindisbréf með hliðsjón af þeim verkefnum sem landsdýralæknir eru sérstaklega falin í lögum. Landsdýralæknir heyrir undir forstjóra. Forstjóri ræður annað starfsfólk nema annað sé tekið fram í lögum.

Matvælastofnun starfrækir umdæmisstofur sem sinna eftirlitsstörfum og viðbrögðum er varða dýrasjúkdóma og dýravelferð og ákveður ráðherra fjölda umdæma og mörk milli þeirra. Forstjóri ákveður staðsetningu umdæmisstofa og ræður héraðsdýralækni sem veitir hverri stofu forstöðu og fer með þau verkefni sem héraðsdýralækni eru falin með lögum.“

6. gr. Gildistaka

Frumvarpið er sett fram samhliða frumvarpi um breytingu á lögum um matvæli og lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr (eftirlit, upplýsingagjöf) – mál nr. 330. Í frumvarpi um Matvælastofnun er gert ráð fyrir að löggin öðlist þegar gildi við birtingu, hins vegar er ráðgert að breytingar á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr taki gildi 1. janúar 2019.

Matvælastofnun telur nauðsynlegt að ákvæði um breytingar á skipulagi stofnunarinnar varðandi umdæmaskipan héraðsdýralækna taki gildi á sama tíma, annað hvort við birtingu laganna eða 1. janúar 2019.

Þannig er í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að Matvælastofnun starfræki umdæmistofur sem sinna eftirlitsstörfum og að ráðherra ákveði fjölda umdæma og mörk þeirra á milli. Þá skal forstjóri ákveða staðsetningu umdæmistofa og ræður dýralækna sem veitir hverri stofu forstöðu og fer með þau verkefni sem héraðsdýralækni eru falin með lögum. Í frumvarpi um breytingar á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr segir í 3. gr. að 1. mgr. 11. gr. þeirra laga falli brott. En þar segir að Matvælastofnun skuli hafa sex umdæmiskrifstofur og eru landfræðileg mörk þeirra skilgreind með skýrum hætti.

Ljóst er að ekki er samhljómur milli þessara ákvæða og því nauðsynlegt að breyting á þeim taki gildi á sama tíma þannig að ekki skapist óvissa um hvernig fara skuli með skipulag innan stofnunarinnar og fyrir liggja hver fjöldi umdæmistofa er og hvernig mörk verða á milli þeirra.

Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar

Jón Gíslason